

bænda
FERÐIR

ÍSLENDINGASLÓÐIR Í VESTURHEIMI



31. júlí – 10. ágúst 2025
Fararstjórn: Gísli Einarsson

Sumar 14
Kanada | Bandaríkin

Ferðalýsing

Þegar vesturfara reyndu að fóstara með börnum sínum sömu ást, sömu tilfinningar og þeir sjálfir báru til ættlandsins höfðu þeir fá önnur úrræði en að segja og lesa sögur sem lýstu mannlífinu á Fróni og lífsbaráttunni sem þar hafði verið háð öldum saman. **Frumbýlingar í Vesturheimi** uppskáru sjaldnast eins og þeir sáðu, aðrir nutu ávaxtanna af erfiði þeirra. Þeir gleymdu þó aldrei uppruna sínum heldur kappkostuðu að minnast hans t.d. með árlegum sumarhátíðum. Þessi ferð snýst um að kynnast því hvernig afkomendur vesturfara rækta tengslin við Ísland og íslenska þjóð. Árið 2025 verður mikið um dýrðir því þá verður fagnað 150 ára afmæli **Nýja- Íslands**, svæðinu þar sem stór hópur Íslendinga settist að í lok 19. aldar, en það er staðsett við vesturstönd Winnipegvatns. Flógið verður til **Minneapolis** og gist eina nótt. Þaðan ökum við til **Norður-Dakóta** og gistum í **Grafton**, litlum bæ á sléttunni. Í **Mountain** dveljum við daglangt og fylgjumst með hátíð Íslendinga sem þar hefur verið haldin árlega nánast frá upphafi vesturferða. Á **Gimli í Manitoba** er merkasta hátíð Íslendinga í Kanada haldin ár hvert og þar verður margt að sjá. Skoðunarferð um Nýja-Ísland er að venju á dagskrá, förum meðal annars í **Árborg**, **Riverton** og **Mikley**. Snemma á Vesturfaratímabilinu varð **Winnipeg höfuðból Íslendinga** í Vesturheimi og gefst okkur tækifæri til að kynnast þessari merku borg. Ferðinni lýkur á upphafsreit í Minneapolis þar sem gist er eina nótt á góðum stað gegnt **Mall of America**.

10 dagar | 10 nætur

1 nótt Minneapolis | 2 nætur Grafton | 4 nætur Winnipeg | 1 nótt Fargo
| 1 nótt Minneapolis | 1 næturflug



31. júlí | Flug til Minneapolis

Brottför frá Keflavík kl. 16:45. Mæting í Leifsstöð u.þ.b. 2,5 klst. fyrir brottför. Lending í Minneapolis kl. 18:10 að staðartíma. Eftir útflendingaæftirlit og tollskoðun er haldið á hótél nærri flugvelli. Gist í eina nótt.

1. ágúst | Vestur á bóginn – Norður-Dakóta



Að loknum morgunverði hefst ferðin á Íslendingaslóðir í þægilegri rútu. Ekið í vestur uns komið verður til Clearwater sem er smábær í miðju landbúnaðarhéraði og verður að þar um hríð. Áfram er svo haldið til Alexandria þar sem snæddur verður hádegisverður. Að lokinni máltíð er rölt á safn við hliðina á veitingastaðnum. Þetta er nokkuð norrænt byggðasafn, því margir fyrstu íbúar héraðsins voru norrænir

vesturfarar, flestir norskir og sænskir. Þar er að finna afar umdeildan stein, The Kensington Runestone. Á honum eru rúnir sem greina frá ferð norrænna manna á þessar slóðir á 14. öld. Þaðan verður ekið áfram vestur yfir Rauða og þá er komið til Norður-Dakóta. Áð á einum stað áður en ekið verður á náttstað í Grafton. Þar er gíst í tvær nætur.

2. ágúst | Íslendingahátíð í Mountain



Árið 1878 flutti allstór hópur úr Nýja-Íslandi suður til Norður-Dakóta. Ný nýlenda Íslendinga varð til, eflist og stækkaði þegar árin liðu. Fyrsta þjóðminningarhátíðin var haldin í nýlendunni 1879 og hefur verið árlegur viðburður síðan. Ekið til Mountain í hjarta íslenska landnámsins þar sem hátíðin er haldin. Hér verður fylgst með viðburðum dagsins, farin skoðunarferð um byggðina og markverðir staðir athugaðir. Um

kvöldið er snæddur kvöldverður áður en ekið er til baka á náttstað í Grafton.


3. ágúst | Ekið til Winnipeg

Brottför af hóteli að loknum morgunverði og byrjað á að skoða Icelandic State Park, byggðasafn norðarlega í íslensku byggðinni. Þaðan er ekið að landamærum Bandaríkjanna og Kanada. Á leiðinni er komið við í smábænum Cavalier þar sem tækifæri gefst til að fá sér eitthvað snarl. Síðan er farið yfir landamærin og stefnan tekin á Winnipeg. Svipumst um í miðbænum áður en ekið verður að hóteli þar sem gíst verður í fjórar nætur.

4. ágúst | Íslendingadagurinn á Gimli



Þessum degi er varið við hátíðarhöldin á Gimli í Nýja-Íslandi. Fyrsta þjóðminningarhátíð Íslendinga í Norður-Ameríku var haldin í Milwaukee 2. ágúst 1874. Tilefni hennar var ný stjórnarskrá sem afhent var Íslendingum á Þingvöllum þennan sama dag. Íslendingar í Winnipeg urðu fyrstir til að gera hátíðina að árlegum viðburði og var hún haldin í almenningsgörðum borgarinnar til ársins 1932. Þá var ákveðið að flytja hana til Gimli og þar hefur hún verið síðan. Enginn íslenskur viðburður í Norður-Ameríku er eins vel þekktur og Íslendingadagurinn á Gimli. Árlega sækja hátíðina þúsundir gesta alls staðar að úr álfunni. Hvernig minnst afkomendur vesturfaranna upprunans á Íslandi? Það er gaman að fylgjast með heimamönnum, taka þá tali og heyra



GIMLI SEAWALL GALLERY

Bændaferðir · Síðumúli 2 · 108 Reykjavík · Sími 570 2790 · bokun@baendaferdir.is


með þeirra orðum hvaða hug þeir bera til Íslands og smakka hjá þeim vínartertu. Tryggðin við land og þjóð er ótrúleg.

5. ágúst | Winnipeg



Við hefjum daginn á gönguferð um Winnipeg. Eftir það gefst tækifæri til að kynnst borginni betur eða eyða stund með vinum og vandamönnum. Upplagt er að rölta niður í The Forks sem er mikið svæði við ármót Assiniboine og Rauðár. Hér stunduðu frumbyggjar viðskipti öldum saman og hér myndaðist fyrsti byggðarkjarni hvítra á sléttunni. Á svæðinu eru söfn, ótal smáverslanir og fjöldi veitingastaða.

6. ágúst | Nýja-Ísland & skoðunarferð



Skoðunarferð um þessa merkilegu nýlendu Íslendinga í Vesturheimi. Frá Winnipeg er ekið á landtökustaðinn á Víðinesi. Þaðan er ekið til Árborgar, en bærinn sá stendur við Íslendingafljót. Þar er skemmtilegt byggðasafn sem minnir um margt á Árbæjarsafn. Allmargar byggingar sem fluttar hafa verið úr sveitunum í kring mynda lítið þorp sem gaman er að skoða. Þar verður snæddur hádegisverður en svo verður ferðinni

haldið áfram til Riverton, sem einnig stendur við Íslendingafljót. Hér eru áhugaverðir minnisvarðar sem allir tengjast íslensku landnámi. Loks er haldið til Mikleyjar sem nú kallast Hecla Provincial Park. Hér settust Íslendingar að árið 1876 og þeim sem það gerðu vegnaði vel. Þeir komust upp á lag með að veiða í vatninu og gerði það gæfumuninn.

7. ágúst | Fargo í Norður-Dakóta



Í dag verður Kanada kvatt og ekið til Fargo í Norður-Dakóta í Bandaríkjunum. Við öikum í suður og komum við í fríhöfn við landamærin. Hér verður dvalið í stutta stund, tækifæri gefst til að skipta kanadískum peningum í bandaríska og kannski kaupa einhvern minjagrip áður en farið verður yfir landamærin. Komum til Grand Forks þar sem snæddur verður hádegismatur. Ökum suður sléttuna til Fargo og gistum eina nótt.

8. ágúst | Minnesota & Minneapolis

Við kveðjum Norður-Dakóta þennan morgun og öikum inn í Minnesota. Stefnan tekin á Minneapolis en áður en þangað er komið er áð á nokkrum stöðum. Á einum slíkum í Alexandria er farið á matstað og þar snæddur hádegisverður. Að honum loknum er ekið til Minneapolis þar sem gist verður eina nótt á hóteli sem er staðsett í Mall of America, stærstu verslunarmistöð Bandaríkjanna.



9. ágúst | Minneapolis

Flug heim til Íslands er um kvöldið þannig að ýmislegt má gera þennan lokadag ferðar. Rýma þarf herbergi kl. 12:00 en þá er hægt að koma töskum fyrir í læstum sal. Teknar verða hótelskutlur út á flugvöll upp úr kl. 16:00. Flug til Íslands er kl. 19:25.

10. ágúst | Heimkoma til Íslands

Flugvél Icelandair frá Minneapolis lendir um kl. 6:35 að morgni í Keflavík.

Fararstjóri getur fært dagskrárliði á milli daga eftir þörfum þegar komið er á staðinn.



Verð

469.900 kr. á mann í tvíbýli | 151.900 kr. aukagjald fyrir einbýli.

Innifalið

- ✓ Flug með Icelandair og flugvallarskattar.
- ✓ Gisting í 2ja manna herbergi með baði.
- ✓ Einfaldur morgunverður níu morgna.
- ✓ Einn kvöldverður í Mountain.
- ✓ Einn hádegisverður í Árborg.
- ✓ Skoðunarferð um Winnipeg með innlendum leiðsögumanni.
- ✓ Aðgangur að safni í Árborg.
- ✓ Aðgangur að safni í Gimli.
- ✓ Allar skoðunarferðir með rútu samkvæmt ferðalýsingu.
- ✓ Íslensk fararstjórn.



Ekki innifalið

- ✓ Aðgangseyrir inn í söfn, önnur en í Árborg og Gimli.
- ✓ Máltíðir aðrar en þær sem tilgreindar eru undir innifalið.
- ✓ ESTA heimild til Bandaríkjanna u.þ.b. \$ 21.
- ✓ Frjáls framlög til gestgjafa í Vesturheimi.
- ✓ Þjóf fé.
- ✓ Forfalla- og ferðatryggingar.

Hótel

- ✓ Minneapolis = Radisson Blu Hotel
- ✓ Grafton = Americinn
- ✓ Winnipeg = Humphry Inn & Suites
- ✓ Fargo = Wingate by Wyndham
- ✓ Minneapolis = Radisson Blu Hotel

Athugið

- ✓ Máltíðir eru almennt ekki innifaldar í ferðinni, nema einfaldur morgunverður alla morgna. Gott er að hafa með sér nasl í bílnum. Í honum er til sölu vatn gegn vægu gjaldi en gott er að taka líka með sér vatnsflösku sem hægt er að fylla á. Stundum mun fararstjórinn panta sameiginlega máltíð eða taka frá borð á veitingastað þannig að hópurinn snæðir saman. Það er mjög mismunandi hvað kvöldverður kostar, allt miðað við hvort farþegar vilja fá sér einfalda máltíð eða fara fínt út að borða.
- ✓ Vert er að hafa í huga að þrátt fyrir að Bændaferðir séu alla jafna þægilegar rútuferðir er alltaf einhver ganga, t.d. í bæjarferðum. Margar borgir eru bæði hæðóttar og ójafnar undir fæti og aðgengi að áfangastöðum þannig að leggja þarf rútnni mislangt frá. Ef þú hefur einhverjar vangaveltur varðandi þetta vinsamlegast ekki hika við að hafa samband við skrifstofu Bændaferða.

